




Til foreldra í Skarðshlíðarskóla



Frístundaaksturinn í vetur og skráning.

Nú höfum við tekið upp nýtt skráningarkerfi fyrir frístundaheimilin sem heitir Vala. Það er mjög notendavænt og auðveldar alla skráningu og skipulag.

Líkt og síðasta vetur verður öllum nemendum í 1. – 4. bekk boðið upp á akstur á æfingar sem hefjast klukkan 15:00 og 16:00. Aksturinn hefst mánudaginn 2. september frá Skarðshlíðarskóla verður ferð kl. 14:20 frá skólanum á æfingar sem byrja kl. 15:00 og kl. 15:20 á æfingar sem byrja kl. 16:00. Aksturinn hefst við skólann þar sem er skólaakstur í sund og leikfimi stoppar. Ekið verður alla virka daga fram að jólafríi utan þess að aksturinn fellur niður í vetrarfríi. Ekið er á fjölmarga staði eins og til Listdanskólans, tónlistarskólans, Bjarkarinnar, FH, Hauka og SH, Badmintonfélags Hafnarfjarðar, Golfklúbbsins Keilis eða allt eftir því hvar börn í 1. – 4. bekk eru skráð til æfinga í Hafnarfirði. Æfingatöflur liggja nú fyrir hjá flestum íþróttafélögum og eru fjölmargir foreldrar byrjaðir að skrá börnin sín þar, gott er að skrá börn fyrst á æfingar og síðan í aksturinn en allir munu komast að í aksturinn. Skráning í aksturinn fer fram í gegnum **Mínar síður – Grunnskólar/Skráning í frístund og svo er farið í Völu**. Vinstri hliðarstíkan kemur upp ef ýtt er á línurnar þrjár.



Aksturinn verður foreldrum að kostnaðarlausu. Starfsmaður frá frístundaheimilinu Skarðssel verður með í hverri ferð og tryggir öryggi krakkanna í rúttunni og að þau skili sér í rétt félag.

Verkefnið er unnið í samvinnu Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélögin og Hópbíla sem aka börnunum.

Börn sem ekki eru skráð í frístundaheimili í 1. – 4. bekk geta einnig nýtt sér aksturinn en það er á ábyrgð foreldra að skrá þau og tryggja að þau séu mætt á réttum tíma á upphafstað frístundaakstursins.

Forráðamenn sækja börnin þegar æfingu er lokið.

***Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að skrá í Völu ef breytingar verða á æfingum og vakin er athygli á því að skráningar og breytingar taka gildi eftir sólahring.***

**Ekki er hægt að gera breytingar í tölvupósti eða í síma.**

Með von um jákvæð viðbrögð og gott samstarf

Fyrir hönd frístundaheimila Hafnarfjarðar  
Linda Hildur Leifsdóttir, Fagstjóri frístundastarfs,  
Gsm 664-5760, netfang [lindah@hafnarfjordur.is](mailto:lindah@hafnarfjordur.is)

Aksturinn hefst mánudaginn 2. September

Fyrri akstur fer frá skólanum kl. 14:20

Seinni akstur fer frá skólanum kl. 15:20

